# 140. fundar
# Heilbrigðisnefndar Austurlands

**140. / 22. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands**
**haldinn símleiðis 19. mars 2018 kl. 12:00**

Heilbrigðisnefndarmenn:

| | |
|---|---|
| Jón Björn Hákonarson | Árni Kristinsson |
| Gunnhildur Imsland | Kristín Ágústsdóttir |
| Sandra Konráðsdóttir | Benedikt Jóhannsson |

Starfsmenn:

| | |
|---|---|
| Leifur Þorkelsson | Lára Guðmundsdóttir |

Dagskrá:


1. Bókuð útgefin starfsleyfi ........ 847
2. Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi ........ 848
3. Málefni einstakra fyrirtækja / starfsstöðva ........ 848
3.1. Jöklaveröld ........ 848
3.2. RARIK, varaaflsstöð við Stekkjargötu í Neskaupstað ........ 848
3.3. HL verktakar ehf. pokaþvottastöð á Höfn ........ 849
4. Vinna milli funda ........ 849
5. Endurskoðun á samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss ........ 849
6. Önnur mál ........ 849
6.1. Kæra á hendur HAUST vegna jarðgerðar ÍGF ........ 849
6.2. Loftgæðamælingar Seyðisfirði ........ 849


## 1. Bókuð útgefin starfsleyfi

690 Vopnafjörður

a) **Ferðaþjónustan Síreksstöðum ehf.**, kt. 640118-0910. Starfsleyfi fyrir **sölu á gistingu, sölu á veitingum, heitum potti og lítilli vatnsveitu að Síreksstöðum.** Leyfi útgefið 15.2.2018.

700-701 Fljótsdalshérað

b) **Helgi Hjálmar Bragason**, kt. 220872-4169. Starfsleyfi fyrir **sölu á gistingu,** fyrir **pökkun og meðhöndlun á kartöflum og öðrum rótarávöxtum og** fyrir **vatnsveitu sem þjónar aðstöðunni.** Breyting á fyrra leyfi gefið út 15.2.2018.

c) **RARIK ohf.**, kt. 520269-2669. Nýtt starfsleyfi fyrir **aðveitustöð við Grímsárvirkjun**. Leyfi útgefið 15.3.2018.

d) **Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum**, kt. 610199-2839. Starfsleyfi fyrir **hjúkrunarheimili**, **heilsugæslu og mötuneyti með fullbúnu eldhúsi**. Breyting á fyrra leyfi, gefið út 16.3.2018.

710 Seyðisfjarðarkaupstaður

e) **Sunnanátt ehf.,** kt. 680218-0210. Starfsleyfi fyrir sölu á **veitingum í Orkuskálanum, Hafnargötu 2**. Leyfi útgefið 8.3.2018.

f) **Húsahótel ehf.,** kt. 510703-2510. Starfsleyfi fyrir **sölu á gistingu að Austurvegi 3, Oddagötu 6 og Öldugötu 13**. Leyfi útgefið 5.12.2017.

730 Fjarðabyggð - Reyðarfjörður

g) **Gámaþjónustan hf. – Sjónarás ehf.,** kt. 410283-0349. **Starfsleyfi Gámaþjónustu Austurlands** kt. 670502-3680 **fyrir flutning, geymslu og flokkun á úrgangi flutt á kennitölu Gámaþjónustunnar hf.** kt. 4102830349. Gildistími starfsleyfis er óbreyttur 27.11.2013-.29.01.2021. Breyting gerð 20.2.2018.

h) **Fjallmann Solutions ehf.,** kt. 700316-0920. Starfleyfi fyrir **hárgreiðslustofuna Hárbankann, Búðareyri 3.** Leyfi útgefið 2.3.2018.

735 Fjarðabyggð - Eskifjörður

i) **Fjarðabyggð,** kt. 470698-2099. Endurnýjun á starfleyfi fyrir **samkomuhús og sölu á veitingum í Félagsheimilinu Valhöll.** Leyfi útgefið 28.2.2016.

j) **Eskja hf.,** kt. 630169-4299 Endurnýjað starfsleyfi vegna **fiskvinnslu að Strandgötu 14**. Leyfi útgefið 12.3.2018.

780-785 Hornafjörður.

k) **Höfn Guesthouse ehf.,** kt. 480118-0810. Starfleyfi fyrir sölu á **gistingu fyrir allt að 24 gesti í tveimur íbúðum að Hafnarbraut 21.** Leyfi útgefið 20.2.2018.

l) **Íshús veitingar ehf.,** kt. 410218-0540. Starfsleyfi fyrir sölu á **veitingum og veitingasal fyrir allt að 50 gesti, að Heppuvegi 2a**. Leyfi útgefið 23.2.2018.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra starfsleyfa.*

## 2. Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi

710 Seyðisfjarðarkaupstaður

a) **Sunnanátt ehf.,** kt. 680218-0210. Tóbakssöluleyfi í **Orkuskálanum, Hafnargötu 2.** Leyfi útgefið 8.3.2018.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu tóbakssöluleyfisins.*

## 3. Málefni einstakra fyrirtækja / starfsstöðva

### 3.1. Jöklaveröld

Úrbótaáætlun barst frá Jöklaveröld varðandi heilnæmi baðvatns og aðstöðu gesta fyrir tilskyldan frest. Heilbrigðisfulltrúar höfðu óskað eftir viðbótargögnum við úrbótaáætlun til að leggja fyrir fund heilbrigðisnefndar.

*Heilbrigðisnefnd frestar afgreiðslu málsins þar sem viðbótargögn sem óskað var eftir bárust ekki fyrir fundinn.*

### 3.2. RARIK, varaaflsstöð við Stekkjargötu í Neskaupstað

Aflagðir olíutankar og úrgangsolíutankur hafa verið tæmdir og þrifnir en ekki fylltir af sandi eða möl skv. tilkynningu fyrirtækisins og ákvæðum reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, áður nr. 35/1994 og nú 884/2017.
Fyrirtækinu var tilkynnt með bréfi dags. 14.3.2018 að ef úrbætur hefðu ekki verið staðfestar fyrir 19.3.2018 yrði lagt til við Heilbrigðisnefnd að nefndin íhugaði að beita þvingunarúrræðum í þeim tilgangi að ná fram úrbótum.

*Fyrirtækið fær frest til 1.apríl nk. til að gagna frá tönkunum í samræmi við áður nefndar reglugerðarkröfur. Hafi ekki verið brugðust við fyrir þann tíma verður þvingunarúrræðum beitt í þeim tilgagni að knýja fram úrbætur í samræmi við XVII kafla laga nr. 7/1998.*

### 3.3. HL verktakar ehf. pokaþvottastöð á Höfn

Í starfsleyfi kemur fram að fráveita fari um fitugildru. Við breytingar á húsnæðinu var fituskiljan aftengd og mælingar sýna mikla mengun (COD) í fráveituvatni frá þvottavélinni. Fyrirtækinu var gert að leggja fram tímasetta áætlun um úrbætur fyrir 1.3.2018 og þetta ítrekað með tölvupósti 14.3.2018.

*Heilbrigðisnefnd veitir fyrirtækinu lokafrest til 1.apríl nk. til leggja fram tímasetta áætlun um úrbætur.*

## 4. Vinna milli funda

Umsagnir um skipulög

a. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar vegna Reynivalla II.
b. Umsögn um breytingu á aðal- og deiliskipulagi fyrir Leiru 1, iðnaðar og hafnarsvæði sunnan strandgötu á Eskifirði.
c. Umsögn um um tillögu að deiliskipulagi við Skálafell í Hornafirði.
d. Umsögn um deiliskipulag í Fannardal, frístundabyggð.

Til skipulagsstofnunar

e. Umsögn vegna ákvörðunar um matsskyldu mótorkrossbrautar við Austur-Langhól í Hornafirði.

## 5. Endurskoðun á samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss

Lögð eru fram drög að endurskoðun á samþykkt nr. 668/2010 um umgengni og þrifnað utan húss í Fljótsdalshreppi, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppi, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótsdalshéraði og Sveitarfélaginu Hornafirði skv. bókun á aðalfundi HAUST þann 1.11.2017 þess efnis að samþykktin yrði endurskoðuð.

*Samþykkt að senda viðkomandi sveitarfélögum samþykktina til umsagnar.*

## 6. Önnur mál

### 6.1. Kæra á hendur HAUST vegna jarðgerðar ÍGF

Framkvæmdastjóri kynnti efni kæru á hendur HAUST vegna útgáfu starfsleyfis fyrir jarðgerð íslenska gámafélagsins á Reyðarfirði sem og svar til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála.

### 6.2. Loftgæðamælingar Seyðisfirði

Heilbrigðisfulltrúi kynnti vinnu og fyrirhugað samstarf við Umhverfisstofnun og Seyðisfjarðarkaupsstað um loftgæðamælingar á Seyðisfirði**.**

Fundi slitið kl. 12:27

Fundargerðin færð í tölvu og send fundarmönnum í tölvupósti til staðfestingar. Fundargerðin verður undirrituð á næsta snertifundi.

| | |
|---|---|
| ________________________ | ________________________ |
| Jón Björn Hákonarson | Árni Kristinsson |
| ________________________ | ________________________ |
| Gunnhildur Imsland | Kristín Ágústsdóttir |
| ________________________ | ________________________ |
| Sandra Konráðsdóttir | Benedikt Jóhannsson |
| ________________________ | ________________________ |
| Leifur Þorkelsson | Lára Guðmundsdóttir |